




HÁSKÓLI ÍSLANDS  
ÖFLUGUR HÁSKÓLI – FARSÆLT SAMFÉLAG



Stefna Háskóla Íslands 2016-2021



Stefna Háskóla Íslands 2016-2021 var samþykkt á háskólaþingi  
3. mars 2016 og í háskólaráði 17. mars 2016.

## FJÁRFESTING Í MENNTUN OG ÞEKINGU

Háskólar eru undirstaða þekkingarsamfélaga 21. aldar. Um allan heim er lögð síaukin áhersla á gæði menntunar og öflugt vísindastarf til að tryggja samkeppnishæfni þjóða, hagsæld og lífsgæði til framtíðar.

Háskóli Íslands er í fararbroddi íslenskra háskóla og virkur þátttakandi í alþjóðlegu vísinda- og fræðasamfélagi. Árangur skólans á síðustu árum hefur skipað honum í fremstu röð samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum mælingum. Til að treysta í sessi þennan mikla árangur og skapa viðspyrnu fyrir áframhaldandi sókn leggur Háskólinn nú fram nýja stefnu, HÍ 21, fyrir tímabilið 2016-2021 undir yfirskriftinni „Öflugur háskóli – farsælt samfélag“.

Í stefnunni er lögð áhersla á rannsóknir sem drifkraft nýrrar þekkingar, nám og kennslu sem undirstöðu farsældar og framfara og virka þátttöku Háskólans í samfélagi og atvinnulífi. Jafnframt er mannaúði skipað í öndvegi og lögð áhersla á akademískt frelsi, jafnrétti og fagmennsku.

Forsenda þess að Háskólinn geti sótt fram er traust fjármögnun. Á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011 settu stjórnvöld sér það markmið að framlög til skólans yrðu eflð í áföngum uns hann stæði jafnfætis öðrum norrænum háskólum. Þetta markmið var síðar áréttað fyrir háskólakerfið í heild í aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs. Trygg fjármögnun háskólakerfisins er lykilfjárfesting íslensks samfélags til framtíðar og því er mikilvægt að fyrirheit stjórnvalda um stuðning við Háskólann standist. Þeirri fjárfestingu í menntun og þekkingu er vel varið og hafa erlendar og innlendar úttektir ítrekað staðfest að Háskóli Íslands er skilvirk og afar vel rekin stofnun.

Ný stefna Háskóla Íslands hefur verið unnin í víðtæku samráði við allt háskólasamfélagið og hagsmunaaðila víðsvegar að úr atvinnu- og þjóðlífi. Jafnframt var byggt á margvíslegum gögnum og niðurstöðum innri og ytri úttekta á skólanum. Þannig tryggjum við að stefna Háskóla Íslands standist alþjóðleg gæðaviðmið.

Markmið HÍ 21 er að gera góðan háskóla enn betri. Stefna Háskóla Íslands er vegvísir okkar allra til framtíðar – starfsfólks, stúdenta og samfélagsins sem fóstrar skólann og hann þjóðar.



Jón Atli Benediktsson rektor





## ■ GILDI HÁSKÓLA ÍSLANDS

---

**Akademískt frelsi** er grunnur alls háskólastarfs og stuðlar að gagnrýninni hugsun, skapandi þekkingarleit, víðsýni og framsækni

**Jafnrétti** er leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu

**Fagmennska** og metnaður einkenna störf starfsfólks og stúdenta og eru forsenda þess trausts sem Háskólinn nýtur í samfélaginu

---




## ■ HÁSKÓLI Í FREMSTU RÖÐ

Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi. Hann er afkastamesta vísindastofnun landsins, leiðandi í menntun fagfólks á fjölmörgum fræðasviðum, í virkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf og leggur rækt við menningu og sögu landsins. Háskóli Íslands er í nánu samstarfi við helstu háskóla og rannsóknastofnanir víðs vegar um heim og má glöggt sjá styrk hans sem alþjóðlegs rannsóknaháskóla af stöðu hans á matslistum yfir fremstu háskóla heims<sup>1</sup>.

Sýn Háskóla Íslands er að styrkja stöðu sína sem háskóla í fremstu röð. Í HÍ 21 er mörkuð stefna Háskólans fyrir tímabilið 2016-2021. Í henni eru tilgreindar fimm áherslur sem munu einkenna stefnu og starf skólans á stefnutímabilinu. Áherslurnar eru útfærðar nánar með markmiðum og aðgerðum sem beinast að kjarnastarfsemi Háskólans, rannsóknum, námi og kennslu og þátttöku í samfélagi og atvinnulífi, sem og mannauðinum sem starf skólans byggist á. Markmiðin og aðgerðirnar munu styrkja innviði, tryggja gæði og gera Háskólanum kleift að stuðla að þróun íslensks samfélags og sækja fram á alþjóðavettvangi. Aðgerðirnar verða rýndar og uppfærðar árlega og upplýsingar um framgang stefnunnar birtar á vef skólans.

Forsenda þess að áherslur HÍ 21 nái fram að ganga er að fjármögnun Háskóla Íslands verði hliðstæð við fjármögnun norræna samanburðarháskóla. Grunnfjármögnun Háskólans skiptir sköpum þegar sótt er fram og gerir skólanum fært að afla aukinna sérteknna.

<sup>1</sup> Sjá t. d. matslista *Times Higher Education World University Rankings* þar sem Háskóli Íslands hefur verið meðal 300 efstu háskóla (2%) frá árinu 2011. Árið 2016 raðaðist Háskólinn í 222. sæti.



# HÁSKÓLI Í FREMSTU RÖÐ

**RANNSÓKNIR**  
DRIFKRAFTUR  
NÝRRAR  
PEKKINGAR

**NÁM OG KENNSLA**  
UNDIRSTAÐA  
FARSÆLDAR OG  
FRAMFARA

**VIRK ÞÁTTTAKA**  
Í SAMFÉLAGI OG  
ATVINNULÍFI

**MANNAUÐUR**

**FJÁRMÖGNUN**

## ■ ÁHERSLUR HÍ 21

### **Framsækin sýn á nám og kennslu sem býr nemendur undir þátttöku í atvinnu- og þjódlífi**

Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu nútímalegs þekkingarsamfélags með því að búa nemendur undir þátttöku og störf á fjölmörgum sviðum samfélagsins og undir frekara nám. Háskólinn leggur áherslu á gæði náms, þróun kennsluhátta, samþættingu kennslu og rannsókna í traustum innviðum í samvinnu við samfélag og atvinnulíf.

### **Sterkir rannsóknainnviðir sem styðja við þekkingarsköpun og alþjóðlegt samstarf**

Háskóli Íslands er afkastamesta vísindastofnun landsins og þar eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum. Öflugt rannsókna- og nýsköpunarstarf skólans hefur skapað honum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Stuðlað verður að áframhaldandi uppbyggingu með því að fjárfesta í traustum innviðum og stoðkerfi, styðja við alþjóðlegt samstarf og auka gæði og hagnýtingu rannsókna.

### **Starf Háskólans hafi viðtæk áhrif og takist á við áskoranir samtímans**

Háskóli Íslands leggur áherslu á að þekkingarsköpun við skólann hafi sem víðtækust áhrif og að Háskólinn sé ábyrgur þátttakandi í samfélagi sem stuðlar að jafnrétti, fjölbreytni og sjálfbærni. Miklu varðar að rannsóknir og nám takist á við þær flóknu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir og að Háskólinn sé virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og menningarlífi.

### **Góður vinnustaður**

Háskóli Íslands er gróskumikið þekkingarsamfélag þar sem fjölbreyttur hópur starfsfólks og stúdenta kemur saman til að skapa og miðla nýjum hugmyndum og lausnum. Háskólinn kappkostar að vera eftirsóttur og metnaðarfullur vinnustaður sem laðar til sín hæft starfsfólk og nemendur í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Lögð er áhersla á lifandi og fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

### **Gæðamenning og skilvirk upplýsingatækni**

Háskólinn tryggir að rannsóknir og prófgráður standist alþjóðleg viðmið og gæðakröfur sem er forsenda þess trausts sem skólinn nýtur innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Árangur skólans byggist á sameiginlegum gildum, skýrri stefnu, markvissri áætlanagerð, árangursmati á grundvelli traustra upplýsinga og stöðugum umbótum.





## ■ NÁM OG KENNSLA – UNDIRSTAÐA FARSÆLDAR OG FRAMFARA

Háskóli Íslands leggur áherslu á krefjandi nám, jákvæða námsupplifun nemenda og gæði prófgráða á öllum námsstigum. Til að búa nemendur undir áframhaldandi nám, þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og fjölbreyttu atvinnulífi leitast Háskólinn sífellt við að þróa kennsluhætti og námsaðstöðu, hvetja til nýsköpunar í kennslu og styrkja tengsl náms og starfsvettvangs. Jafnframt er mikilvægt að stuðla að skuldbindingu nemenda við námið og að veita kennurum og nemendum stuðning í starfi.

### MARKMIÐ

Gæði náms og kennslu fái aukið vægi og stuðning í starfi skólans

### AÐGERÐIR

- Mótuð heildstæð stefna um nám og kennslu og samþætting í stjórnun kennslumála aukin. Stefnan taki m.a. til þróunar kennsluhátta, mats á gæðum kennslu, endurmenntunar, hlutanáms, upptöku fyrirlestra og fjarnáms
- Kennslufræðilegur stuðningur aukinn við akademíska starfsmenn, m.a. með styrkingu Kennslumiðstöðvar og ráðningu kennslusérfræðinga á hverju fræðasviði
- Markvisst stutt við aðgerðaáætlanir deilda í kjölfar sjálfsmats þeirra, m.a. með stækkun Kennslumálasjóðs
- Fræðasvið og deildir vinni að bættu endurkomu- og brautskráningarhlutfalli og geri árlega grein fyrir árangri
- Faglegur stuðningur við stundakennara aukinn og umgjörð stundakennslu styrkt

Hlutfall nemenda á kennara lækkað til að auka gæði náms og kennslu og draga úr vinnuálagi á kennara

- Metið hvernig draga megi úr álagi og auka gæði náms með breyttu fyrirkomulagi við inntöku nemenda, fjölgun kennara, meiri skilvirkni í námi og aukinni samvinnu/sameiningu faglegra eininga
- Mótuð stefna um aðgangskröfur og inntöku nýnema

Aukinn stuðningur við grunnnám

- Deildir nýti kerfisbundið ábendingar nemenda um námið og haldi reglulega samráðsfundi með þeim til að auka gæði kennslu og stuðla að skuldbindingu nemenda í námi
- Deildir umbuni kennurum fyrir mikilvægt kennsluframlag á öllum námsstigum á grundvelli skýrra viðmiða um gæði kennslu
- Koma á skilvirku kerfi aðstoðarmanna kennara í deildum til að draga úr kennsluálagi og efla endurgjöf

Meistaránám styrkt sem sjálfstætt námsstig og umgjörð, innviðir og alþjóðleg tengsl námsins efla

- Stuðningur og gæðaeftirlit aukið við innleiðingu nýrra námsleiða og reglubundið mat á námsleiðum sem fyrir eru, m.a. með hliðsjón af hæfniviðmiðum og tengslum námsins við vettvang, atvinnulíf og alþjóðlegt samstarf
- Skipulag náms taki tillit til þess að nemendur geti tekið námskeið þvert á deildir og fræðasvið
- Deildir taki í auknum mæli þátt í sameiginlegum alþjóðlegum meistaránámsleiðum

Umgjörð doktorsnáms styrkt og stuðningur við leiðbeinendur og nemendur aukinn

- Doktorsstyrkjum Háskólans fjölgað um a.m.k. 10 alls á stefnutímabilinu til að stuðla að því að áfram útskrifist um 70 doktorsnema á ári
- Styrkja doktorsnámið, m.a. með skipulögðum námsleiðum, skýrum verkferlum og stuðningi við samfélag doktorsnema og þátttöku þeirra í alþjóðlegu fræðasamfélagi
- Formlegar leiðir skilgreindar til að styðja betur við framvindu doktorsnema, m.a. í tengslum við námslok
- Doktorsstyrkjum fylgi ráðstöfunarfé, m.a. til að styðja við þátttöku doktorsnema í alþjóðlegu samstarfi

Auka tækifæri nemenda til þátttöku í alþjóðastarfi

- Námsleiðir skipulagðar með það að leiðarljósi að auðvelda nemendum skiptinám
- Nemendum kynnt tækifæri til þátttöku í áætlunum um nemendaskipti og aðrar leiðir til að taka hluta af námi erlendis
- Einstakar deildir meti hvort auðvelda megi nemendum að stunda tungumálanám sem hluta af námi til að auka faglega hæfni



## ■ RANNSÓKNIR – DRIFKRAFTUR NÝRRAR ÆKKINGAR

Frjáls þekkingarleit og vísindastarf sem hefur í heiðri siðareglur vísinda er grunnur að starfi rannsóknaháskóla. Ör uppbygging rannsókna hefur einkennt Háskóla Íslands undanfarin ár og hefur stuðlað að framþróun íslensks samfélags, aflagð skólanum virðingar á alþjóðavettvangi og skapað fjölmörg ný tækifæri til samstarfs. Brýnt er að festa þennan árangur í sessi og tryggja áframhaldandi uppbyggingu í þágu öflugrs rannsóknánáms, vísindastarfs og nýsköpunar. Styrkja þarf rannsóknainniði, innlent og erlent samstarf og skapa umhverfi er stuðlar að rannsóknum sem standast alþjóðlegar gæðakröfur.

### MARKMIÐ

Rannsóknainniðir<sup>2</sup> eflid með tryggri fjármögnun, öflugum rekstri og skilvirkri samnýtingu

Árangur og gæði rannsóknastarfs metin á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða

Nýliðun í rannsóknum eflid og markvisst stutt við unga rannsakendur

Framsækið alþjóðlegt samstarf

Nýsköpun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna eflid á öllum fræðasviðum

Stuðningur við styrkjasókn og stjórnun rannsóknaverkefna aukinn og sniðinn að þörfum rannsakenda

Deildir og námsleiðir samþætti markvisst rannsóknir og kennslu

### AÐGERÐIR

- Þörf rannsakenda og faglegra eininga fyrir rannsóknainniði greind og gerð áætlun um eflingu þeirra
- Gerð aðgerðaáætlun um aðgang og varðveislu rannsóknagagna
- Sjóðakerfi Háskólans sem tengist rannsóknum yfirfarið til að tryggja hámarksstuðning við rannsóknir
- Úttekt á skipulagi og hlutverki rannsóknastofnana Háskólans fylgt eftir

- Mat á rannsóknum endurskoðað í kjölfar úttektar á matskerfi opinberu háskólanna

- Nýir akademiskir starfsmenn hafi ekki fulla kennsluskyldu og fái stofnfé til að byggja upp kennslu- og rannsóknaférl
- Vinnuaðstaða nýdoktora bætt og réttindi þeirra yfirfarin og endurskoðuð
- Starfsmannasvið leiti árlega eftir ábendingum frá fræðasviðum, deildum og stoðþjónustu í þágu stöðugra umbóta á ráðningarferlinu

- Heildstæð áætlun um alþjóðasamskipti gerð með áherslu á samstarf við öfluga erlenda háskóla
- Rannsakendur sem náð hafa góðum árangri, t.d. í öflun innlendra styrkja, studdir sérstaklega til sóknar í erlenda samkeppnissjóði
- Verklag við nýtingu rannsóknafjár skólans endurskoðað svo að það styðji sem best við alþjóðasamstarf
- Erlendum fræðimönnum auðveldað að dvelja/starfa við Háskólann í skemmi tíma

- Nýsköpun og hagnýting rannsókna felld inn í nám, t.d. í formi stuttra þverfaglegra námskeiða
- Átak til að auka vitund rannsakenda um nýsköpun og mögulega hagnýtingu hugverka á öllum fræðasviðum

- Stuðningur við umsýslu og rekstur rannsóknaverkefna og gerð alþjóðlegra samninga aukinn, m.a. með sérhæfðri þjónustu við styrkþega
- Aukið svigrúm virkra rannsakenda til að sinna rannsóknum
- Ferli tengd rannsóknastyrkjum innan Háskólans einfölduð, m.a. þannig að hægt sé að veita styrki lengur en til eins árs og hafa mat úr öðrum samkeppnissjóðum til hliðsjónar

- Virkir rannsakendur komi að kennslu á fyrsta ári í grunnnámi
- Kennarar kynni eigin rannsóknir í grunnnámi og hvetji nemendur til þátttöku í innlendum ráðstefnum sem hluta af náminu
- Samþætting rannsókna og kennslu hluti af stefnu deilda

<sup>2</sup>Rannsóknainniðir eru tæki, aðstaða, gagnagrunnar, þjónusta, kerfi, tölvunet og annað sem er nauðsynlegt fyrir rannsóknastarf á öllum fræðasviðum



## VIRK ÞÁTTAKA Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI

Sköpun nýrrar þekkingar og hagnýting hennar er lykill að lífsgæðum og auðugu mannlífi til framtíðar. Háskóli Íslands tekur virkan þátt í samfélagi og atvinnu- og menningarlífi með það að markmiði að starf skólans hafi viðtæk áhrif. Lögð verður áhersla á að miðla niðurstöðum rannsókna og nýsköpunar með fjölbreyttum hætti, stuðla að almennum skilningi á vísindum og nýta sérfræðipekkingu til að takast á við áskoranir samtímans og í umræðu um brýn samfélagsmál.

### MARKMIÐ

Háskólinn sé leiðandi afl í framþróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsakenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs

Margvísleg vísindamiðlun nýtt til að örva áhuga og þekkingu á vísindum, stuðla að hagnýtingu þeirra og efna til fjölbreytts vísindasamstarfs

Fjölbreyttum aðferðum beitt til að sérfræðipekking Háskólans nýtist við ákvarðanir sem varða stefnumörkun, samkeppnishæfni og farsæld samfélagsins

Frjótt og gagnkvæmt samstarf og samræða við fyrri skólastig

### AÐGERÐIR

- Sett á stofn tengslatorg háskóla og atvinnulífs á forsendum beggja aðila til að stuðla að auknu samstarfi nemenda og rannsakenda við starfsvettvang, stofnanir og atvinnulíf
- Uppbygging og starfsemi Vísindagarða Háskóla Íslands nýtt skipulega til að styðja við starfsemi skólans og efla tengsl við atvinnulíf
- Starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni eflad og starf þeirra samþætt betur við fræðasvið og deildir
- Skipulagt hollvinastarf nýtt til að styrkja tengsl við núverandi og fyrrverandi nemendur og aðra velunnara skólans
- Deildir og aðrar faglegar einingar skilgreini eðli, umfang og ábyrgð á sambandi við starfsvettvang sinn í tengslum við nám, rannsóknir og símenntun

- Vísindastarfi sem vekur athygli innan alþjóðlegs fræðasamfélags gerð sérstök skil
- Athygli beint að rannsóknum sem leiða til nýsköpunar og tengslum Háskólans við fyrirtæki og stofnanir
- Stuðlað að aukinni þátttöku nemenda af öllum fræðasviðum í samfélagsverkefnum sem tengjast þeirra fagsviði

- Þróa leiðir til að vísindi nýtist við stefnumarkandi ákvarðanir samfélagsins, m.a. með því að gera rannsóknaniðurstöður aðgengilegri
- Háskóli Íslands standi fyrir lifandi samræðu við almenning og fagfólk um brýn viðfangsefni samtímans
- Þróuð viðmið um hvernig akademískir starfsmenn geti fengið mikilvægt framlag til uppbyggingar samfélagsins metið í störfum sínum
- Koma upp formlegum ferlum og markvissri kynningu á hvernig innflytjendur geti nýtt háskólamenntun sína hér á landi

- Stjórnendur Háskólans beiti sér fyrir samræðu við menntamálayfirvöld og önnur skólastig til að stuðla að samfellu og samstarfi allra skólastiga
- Tengsl deilda Háskólans við faggreinakennara í framhaldsskólum styrkt
- Kynningarstarf fyrir framhaldsskólanema eftl og styrkjum fjölgað til fjölbreytts hóps afburðanemenda
- Verkefni sem miða að því að auka áhuga nemenda á öllum skólastigum á vísindum og fræðum eflad



## MANNAUÐUR

Árangur Háskóla Íslands byggist á þeim auði sem býr í starfsfólki og nemendum. Háskólinn verður að vera samkeppnishæfur um mannauð bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Það er skólanum kappsmál að laða til sín hæft starfsfólk og stúdenta og byggja upp samheldið háskólasamfélag. Mikilvægt er að hlúa að mannauði skólans með því að bjóða starfsumhverfi sem stuðlar að velferð, jafnrétti og heilbrigði.

### MARKMIÐ

Stjórnendur geri starfsfólki og nemendum kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð

Hvetjandi, umhverfisvænt og skemmtilegt starfsumhverfi sem stuðlar að heilbrigði og velliðan starfsmanna og stúdenta

Uppbygging háskólasvæðisins stuðli að samheldnu háskólasamfélagi

Jafnrétti og fjölbreytileiki í fyrirrúmi við uppbyggingu háskólasamfélagsins

Áhersla lögð á að efla stjórnun, gæðaferla og nýtingu upplýsingatækni

### AÐGERÐIR

- Starfsemi Háskólans (s.s. skipulag funda, stundataflna og prófa) skipulögð með hliðsjón af samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar starfsmanna og stúdenta
- Fjölskyldustefna mótuð og innleidd á grundvelli þarfagreiningar sem unnin verður af starfsmannasviði
- Við mat á vísindastörfum verði tryggt að tekið sé tillit til fjarvista vegna fæðingarorlofs
- Möguleikar á starfsþróun innan stjórnsýslu Háskólans auknir, s.s. með endurmenntun og tilflutningi í starfi
- Íþróttaaðstaða bætt og starfsfólki og nemendum boðin fjölbreytt og hagstæð tækifæri til heilsuefingar
- Samskiptaáætlun innleidd á öllum fræðasviðum undir leiðsögn starfsmannasviðs
- Mentorakerfi fyrir nýja akademíska starfsmenn innleitt
- Tekið upp umhverfisstjórnunarkerfi í anda ISO 14001 til að stuðla að sjálfbærni háskólasamfélagsins
- Mótuð langtímasýn fyrir háskólasvæðið og hún nýtt til að forgangsraða framkvæmdaáætlun Háskólans
- Öll meginstarfsemi Háskólans byggð upp á háskólasvæðinu. Áhersla lögð á flutning Menntavísindasviðs og framtíðarhúsnæði fyrir heilbrigðisvísindi í tengslum við byggingu nýs Landspítala
- Samgöngur og öryggi starfsfólks og nemenda á háskólasvæðinu bætt, s.s. með skutlu, starfsmannabílum, gönguleiðum, betri nýtingu bílastæða, fleiri P-merktum stæðum og aðstöðu fyrir reiðhjól
- Samsetning nemendahópsins greind og gripið til aðgerða ef kerfislegar hindranir eru fyrir hendi eða þörf er á sérstökum stuðningi við einstaka hópa
- Úttekt gerð á kynbundnum launamun, mögulegum ástæðum og gerð aðgerðaáætlun til úrbóta eftir því sem ástæða er til
- Lögð áhersla á þekkingu stjórnenda á jafnréttismálum og jafnréttisverðlaun veitt
- Málstefna Háskólans endurskoðuð með það að markmiði að styðja bæði við íslensku og alþjóðlegt starf
- Úttekt á skipulagi og stjórnkerfi Háskólans nýtt til að tryggja skilvirkni og skýra ábyrgð
- Starf deildarforseta skilgreint betur og styrkt með lengri ráðningartíma og auknum stuðningi
- Lykilupplýsingar um nám, rannsóknir, mannauð og fjármál skilgreindar og þær uppfærðar í gagnatorgi til notkunar í daglegum rekstri
- Verkferlar skýrðir og upplýsingatækni nýtt betur, m.a. með heildstæðri hönnun hugbúnaðarkerfa





## ■ LYKILMÆLIKVARÐAR HÍ 21

### NÁM OG KENNSLA

Endurkomu- og brautskráningarhlutfall

Námsánægja

Árangur nemenda eftir útskrift

Fjöldi útskrifaðra doktorsnema

### RANNSÓKNIR

Staða á alþjóðlegum matslistum

Fjöldi birtinga og tilvitnana

Alþjóðleg samstarfsnet

Sértekjur

### VIRK ÞÁTTAKA

Samstarf við atvinnulíf

Samstarf við samfélag

Fjöldi ungmenna sem sækja fræðslustarf HÍ

### MANNAUÐUR

Starfsánægja

Álag á starfsfólk

Kynbundinn launamunur

Einkunn í alþjóðlegu gæðamati





